



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 23. september 2021  
Tilvísun: 2021090123

### Viljayfirlýsing

Embætti ríkislögreglustjóra og Landsamband lögreglumanna gera með sér eftirfarandi viljayfirlýsingu um samstarf að verkefnum sem lúta að kulnun í starfi á meðal lögreglumanna.

1.gr.  
Markmið

Að þessari yfirlýsingu standa annars vegar embætti ríkislögreglustjóra og hins vegar Landssamband lögreglumanna. Aðilar eru sammála um að þörf sé á samstílltu fræðsluátaki meðal lögreglumanna um vinnutengda kulnun. Markmið samstarfsins er að stuðla að betri heilsu og vellíðan lögreglumanna, fyrirbyggja kulnun og minnka brottfall af vinnumarkaði.

2.gr.  
Verkefni

Samstarfsaðilar munu vinna sameiginlega að eftirfarandi verkefnum:

- Gerð sameiginlegrar tímasetrarr aðgerðaáætlunar.
- Námskeiðahaldi, ráðstefnum og málþingum um kulnun með sérstakri áherslu á starfsumhverfi lögreglumanna.
- Gerð fræðsluefnis; einkenni kulnunar, að þekkja eigin mörk, úrræði sem eru í boði.

3.gr.  
Skipulag samstarfsins

Aðilar skipa sameiginlega verkefnisstjórn yfir þeim verkefnum sem samkomulag verður um og koma fulltrúar frá öllum lögregluembættum. Leitað verður samstarfs við VIRK starfsenduhæfingarsjóð auk annarra aðila eftir því sem tilefni er til. Aðilar eru sammála um að verkefnin sem þeir standa saman að standi fjárhagslega undir sér.

4.gr.  
Gildistími

Yfirlýsing þessi gildir til eins árs þ.e. til ársins 2022, en þá skal hún endurnýjuð með tilliti til þess árangurs sem samstarf aðila hefur skilað.

Reykjavík, 23. september 2021

f.h. embættis ríkislögreglustjóra

Sigríður Björk Guðjónsdóttir  
ríkislögreglustjóri

f.h. landssambands lögreglumanna

Fjölnir Sæmundsson  
formaður landssambands lögreglumanna